



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð

Fundur nr. 275 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 9. desember 2019 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið utan auglýstrar dagskrár:

Umferðamerki í Vík – 1. Áfanga

Lögð er fram tillaga um takmarka aðgengi að kirkjugarðsveginum og skilgreina akstursforangang á Suðurvíkurveg, í samræmi við framlögð gögn. Verður liður 9 í fundargerð.

Frábrigðið samþykkt samhljóða

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Norður-Foss – Umsókn um stöðuleyfi.

Birkir Kúld Pétursson f.h. N18 ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir við Norður-Foss, í samræmi við framlögð gögn.

-Skipulagsnefnd samþykkir umsókn um stöðuleyfi til eins árs með fyrirvara um eldvarnarúttekt.

2. Ás – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik

Sigurður Þ. Jakobsson f.h. Rarik ohf. sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Ás, í samræmi við framlögð gögn.

- Samþykkt samhljóða.

3. Sólheimahjáleiga – Breyting á deiliskipulagi.

Lögð er fram tillaga um breytingu á deiliskipulagi á Sólheimahjáleiga.

Um er að ræða stækkun skipulagssvæðis, byggingar starfsmannahúsa, íbúðahús og stækkunar núverandi íbúðarhúss.

Skipulagið var auglýst frá 5. ágúst 2019 til og með 16. september 2019 og bárust engar athugasemdir aðrar en umsagnir frá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni.

Skipulagsfulltrúi leggur fyrir fundinn umsögn frá Minjastofnun Íslands sem barst rétt fyrir fundinn.

Handwritten signatures in blue ink:
A large signature on the left, and several smaller initials and signatures on the right, including what appears to be 'Gt', 'GR', and 'GR'.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna að teknu tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingafulltrúa falið að ljúka málinu.

- Samþykkt samhljóða.

4. Mýrarbraut 13 – Umsókn um stækkun lóðar

Ingvar Jóhannesson sækir um heimilt til stækkunar lóðarinnar Mýrarbraut 13 auðkenni 163193 um 10 m til norðvesturs, í samræmi við framlögð gögn.

- Samþykkt samhljóða.

5. Mýrarbraut 11 – Umsókn um stofnun lóðar

Skipulagsfulltrúi sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir íbúðarhús við Mýrarbraut, í samræmi við framlögð gögn. Lóðin er í skilgreindu íbúðabyggð svæði skv. aðalskipulag Mýrdalshrepps.

Skipulagsnefnd setur fram eftirfarandi skilmála fyrir lóðina: nýtingarhlutfall verði 0,3 eða hámarks byggingarmagn 276 fm. Einbýli eða tvíbýli, hámark tvær hæðir, tvö bílastæði að lágmarki með hverri íbúð.

- Samþykkt samhljóða.

6. Mýrarbraut 14 og Mýrarbraut 16 – Umsókn um stofnun lóðar

Skipulagsfulltrúi sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir íbúðarhús við Mýrarbraut, í samræmi við framlögð gögn. Lóðin er í skilgreindu íbúðabyggð svæði skv. tillögu að breytingu á þéttbýlisupprætti aðalskipulags Mýrdalshrepps.

Skipulagsnefnd setur fram eftirfarandi skilmála fyrir lóðina Mýrarbraut 14: nýtingarhlutfall verði 0,3 eða hámarks byggingarmagn 230 fm, einbýli eða tvíbýli, hámark tvær hæðir, tvö bílastæði að lágmarki með hverri íbúð.

- Samþykkt samhljóða.

Skipulagsnefnd setur fram eftirfarandi skilmála fyrir lóðina Mýrarbraut 16: nýtingarhlutfall verði 0,3 eða hámarks byggingarmagn 168 fm Einbýli, hámark tvær hæðir, tvö bílastæði að lágmarki.

- Samþykkt samhljóða.

7. Sunnubraut 22 – Umsókn um stofnun lóðar

Skipulagsfulltrúi sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir íbúðarhús við Sunnubraut 22, í samræmi við framlögð gögn. Lóðin er í skilgreindu íbúðabyggð – blönduð svæði skv. aðalskipulag Mýrdalshrepps.

Skipulagsnefnd setur fram eftirfarandi skilmála fyrir lóðina Sunnubraut 22: Einbýlishús á einni hæð ásamt gestahúsi, nýtingarhlutfall er 0,25 eða hámarksbyggingarmagn 165 fm. Þakhalli á að vera á milli 30-45 gráður. Mænisstefna í austur-vestur með hámark mænishæð 5,5m.

- Samþykkt samhljóða.

J.E. B.G.
Og H.G.

8. Klettsvegur 4 – Umsókn um stofnun lóðar

Skipulagsfulltrúi sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir íbúðarhús við Klettsvegur 4, í samræmi við framlögð gögn. Lóðin er í skilgreindu íbúðabyggð svæði skv. aðalskipulag Mýrdalshrepps.

Skipulagsnefnd setur fram eftirfarandi skilmála fyrir lóðina Klettsveg 4: nýtingarhlutfall verði 0,5 eða hámarks byggingarmagn 290 fm Fjölbylishús á tveimur hæðum, fjórar íbúð, 60-75 fm hver. Húsinu skulu fylgja átta bílastæði, einhalla þak til norðurs.

- Samþykkt samhljóða.


9. Umferðamerki í Vík – 1. Áfanga

Lögð er fram tillaga um takmarka aðgengi að kirkjugarðsveginum og skilgreina akstursforgang á Suðurvíkurveg, í samræmi við framlögð gögn.


Skipulagsnefnd samþykkir að takmarka umferð að kirkjugarði og og setja biðskyldu merki við gatnamót Suðurvíkurvegar og Hátún. Skipulagsfulltrúa falið að sjá um framkvæmd.

- Samþykkt samhljóða

Fundi slitið klukkan 19:00




Drífa Bjarnadóttir



Guðrún Hildur Kolbeins




Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Jónas Erlendsson